

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 827/2002 um ferðastyrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna brýnnar sjúkdómsmeðferðar erlendis.

1. gr.

Í 1. málsli 1. gr. kemur: „nr. 703/2006“ í stað: „nr. 201/1998“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 2. gr.:

- a. Í 2. málsli kemur: „3. mgr. 2. gr. og 6. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 871/2004“ í stað: „3. mgr. 3. gr. og 6. mgr. 6. gr. reglna nr. 213/1999“.
- b. Í 3. málsli kemur: „3. mgr. 2. gr.“ í stað: „3. mgr. 3. gr.“.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr.:

- a. Í 3. málsli falla brott orðin: „og þá aðallega ef sjúklingur er yngri en 18 ára“.
- b. 4. málsli. orðast svo: Ef sjúklingur er yngri en 18 ára skal greiða ferðastyrk fyrir báða foreldra (eða tvo nánustu aðstandendur eftir því sem við á).

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 33. gr., sbr. d-lið 1. mgr. 33. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. nóvember 2006.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnheiður Haraldsdóttir.*